

Laugardaginn 11. maí 1940.

Nr. 20/1940. **Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Eyrarbakkahreppi og gagnsök

(Garðar Þorsteinsson).

Fiskræktar- og veiðifélag ekki talið hafa verið stofnað á lögmætan hátt.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir áfrýjað málinu með stefnu 10. apríl þ. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, staðfestingar á ákvæðum héraðdómsins um ómerkingu ummæla og málskostnaðar af gagnáfrýjanda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu 11. apríl þ. á. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af aðaláfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samþykktir Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga taka bæði til laxveiði og silungsveiði í fiskihverfi Ölfusár. Silungsveiði er í sumum þeim ám, sem sérstaklega eru greindar í 2. gr. samþykktanna, svo sem Soginu, og upplýst er, að silungsveiði sé einnig í ám þeim í Ölfusi, er falla í Ölfusá að vestan og nefndar eru í héraðsdóminum. Þar eð félagssvæðið nær til ósa Ölfusár, verður það samkvæmt fyrrnefndum ákvæðum samþykktanna og 2. tölulið 57. gr. laga nr. 61/1932 að ná til alls fiskihverfis árinna, bæði um laxveiði og silungsveiði. Þykir því, að þessu athuguðu, mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að aðaláfrýjandi

greiði gagnáfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga, greiði gagnáfrýjanda, Eyrarbakka-hreppi, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Árnessýslu 27. marz 1940.

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir aukarétti Árnessýslu með stefnu, útgefinni 19. nóv. 1938, af hreppsnefnd Eyrarbyggahrepps gegn Fiskræktar- og veiðifélagi Árnesinga, til heimilis að Selfossi. Með úrskurði, uppkveðnum 25. nóv. 1938, vék hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Árnessýslu, Páll Hallgrímsson, sæti í málinu, og er dómur í því kveðinn upp af Ísleifi Árnasyni prófessor sem setudómara. Hefir málið verið rekið hér í Reykjavík með samkomulagi málsaðilja.

Eftir því sem fram hefir komið, eru málavextir þessir:

Hinn 17. maí 1937 héldu ýmsir laxveiðendur í Árnessýslu fund með sér að Tryggvaskála við Ölfusárbrú. Var á fundi þessum meðal annars rætt um samveiði í laxveiðiám sýslunnar og samþykkt þar tillaga þess efnis, að þar sem fram hefði komið ákveðinn vilji fjölda laxveiðenda í Árnessýslu um samveiði í laxveiðiám innan héraðs, ákveði fundurinn að kjósa 5 manna nefnd, er skyldi boða alla hlutað-eigendur til fundar þá um vorið og undirbúa málið, eftir því sem við yrði komið. Var nefndin síðan kosin. Á fundi, er nefndin hélt hinn 18. nóv. 1937, var samþykkt að skrifa veiðimálanefnd og biðja um leyfi til stofnunar fiskræktar- og veiðifélags. Þá var og ákveðið að boða til fundar við Ölfusárbrú 17. des. 1937 með öllum þeim, er land eiga að viðkomandi ám, til þess að ræða um stofnun fiskræktar- og veiðifélags á vatnasvæði Ölfusár. Samkvæmt ákvörðun þessari var síðan hinn 17. des. 1937 haldinn fundur við Ölfusárbrú „til að ræða um stofnun veiði- og fiskræktarfélags í

vatnahverfi Ölfusár“. Á fundi þessum var samþykkt með 86 atkvæðum gegn 10 svolátandi tillaga: „Fundurinn lýsir sig fylgjandi því, að stofnað verði fiskræktar- og veiðifélag um fiskihverfi Ölfusár og Hvítár, og ákveður með það fyrir augum að kjósa 7 manna nefnd til undirbúnings félagsstofnunarinnar skv. 41. og 61. gr. laga nr. 61 1932 um lax- og silungsveiði, og skili nefndin álit sín og gögnum sem fyrst á fundi, sem boðað sé til samkvæmt 42. og 62. gr. nefndra laga.“ Ennfremur var á fundinum kosin nefnd sú, er um getur í tillögunni. Með tilkynningu, dags. 7. marz 1938, boðaði undirbúningsnefndin síðan til fundar að Selfossi 26. s. m. til stofnunar Fiskræktar- og veiðifélags í fiskihverfi Ölfusár og Hvítár. Á þeim fundi var samkvæmt eftirriti af fundargerðinni, sem fram hefir verið lagt í málinu, samþykkt að viðhöfðu nafnakalli með 131 atkvæði gegn 38 atkvæðum eftirfarandi tillaga: „Fundurinn samþykkir að stofna nú þegar veiðifélag í fiskihverfi Ölfusár og Hvítár.“ Þá var og á fundinum samþykkt í einu hljóði munnleg tillaga um að stofna nýtt fiskræktarfélag í sambandi við veiðifélagið. Er tillögur þessar höfðu verið samþykktar, var gengið frá félagsstofnun í samræmi við þær, settar samþykktir fyrir félagið, arðskrá ákveðin og félagsstjórn kosin. Öðluðust samþykktirnar síðar á árinu 1938, þrátt fyrir mótmæli stefnanda, staðfestingu ráðherra, eins og lög mæla fyrir um. Í 1. gr. samþykktanna er heiti félagsins ákveðið „Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga“, og í 2. gr. þeirra er félagssvæðið talið allar jarðir, sem land eiga að fiskihverfi Ölfusár, og jarðirnar síðan taldar upp tæmandi.

Stefnandi, sem er landeigandi á því svæði, sem félaginu samkv. samþykktunum er ætlað að ná yfir, heldur því fram, að umrædd félagsstofnun hafi ekki farið fram lögum samkvæmt, og byggir hann þá staðhæfingu sína á eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi beri fundargerðirnar það með sér, að tilætlunin hafi verið, að félagið sem fiskræktar- og veiðifélag næði til fiskihverfis Ölfusár, en fiskihverfi hennar nái til allra þeirra jarða, sem liggja að henni og þeim ám, sem í hana renna. Hvorki eigendur eða ábúendur þeirra jarða, sem veiðirétt eiga í Bakkarholtsá, Sandá, Gljúfurá, Varmá og Þorleifslæk hafi verið boðaðir á stofnfund félagsins, en ár þessar renna í Ölfusá að vestan. Í öðru lagi sé skylt, þegar fiskræktar- og veiðifé-

lag sé stofnað sameiginlega, að gæta skilyrða laga nr. 61 frá 1932 um stofnun hvors félagsins um sig, en þetta hafi ekki verið gert, heldur beri fundargerðirnar það með sér, að hvorki hafi verið farið eftir fyrirmælum VIII. kafla laganna um stofnun fiskræktarfélagana né IX. kafla þeirra um stofnun veiðifélaga, sérstaklega að því er atkvæðagreiðslu um félagsstofnunina snertir. Þá vefengir stefnandi, að fundir um félagsstofnunina hafi verið boðaðir skriflega, eins og skylt sé eftir ákvæðum nefndra laga. Á þessum grundvelli hefir stefnandi gert þær réttarkröfur í málinu, að því verði slegið föstu með dómi, að nefnt Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga sé ekki stofnað lögum samkvæmt, svo og að samþykktir þess félags séu ekki bindandi fyrir stefnanda. Þá hefir stefnandi og krafizt málskostnaðar að skaðlausu.

Í fyrstu greinargerð sinni hefir stefndi krafizt þess, aðallega að málinu verði vísað frá dómi, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda, og málskostnaðar hefir hann krafizt að skaðlausu eða eftir mati réttarins, hvernig sem málið fer.

Frávisunarkröfuna byggði stefndi í fyrsta lagi á því, að stefnandi hefði tekið á móti og kvittað fyrirvaralaust fyrir arði, sem honum hafi verið úthlutað samkvæmt staðfestri arðskrá félagsins, en slík framkoma sé ósamrýmanleg málssókn þessari. En við munnlegan flutning málsins féll stefndi algerlega frá þessari frávisunarástæðu, og kemur hún því ekki til álita.

Þá reisti stefndi frávisunarkröfuna og á þeim grundvelli, að með staðfestingu ráðherra á samþykktunum fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga hafi því endanlega verið slegið föstu, að fullnægt hafi verið þeim skilyrðum, er lög nr. 61 frá 1932 setja um stofnun slíkra félaga, og dómstólarnir eigi því ekki atkvæði um það mál. Til þess að staðfesting ráðherra fáið, þurfi eftir nefndum lögum, að því er veiðifélög snertir, fyrst og fremst leyfi til stofnunarinnar frá veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Því næst þurfi bæði um fiskræktar- og veiðifélög að senda samþykktir þeirra ásamt öllum tilheyrandi skjölum til ráðherra til athugunar. Hann eigi ex officio að rannsaka allt, er stofnun félaganna varðar, meðal annars að ekki sé hallað réttindum einstakra manna, hon-

um beri að heimta úr því bætt, sem ábótavant kann að vera, og hann megi ekki staðfesta samþykktirnar, nema veiðimálanefnd og veiðimálastjóri mæli með því. Telur stefndi, að ekki komi til mála, að þessarar meðferðar sé krafizt að tilgangslausu í lögunum. Við munnlegan flutning málsins féll stefndi fyrir sitt leyti frá þessari frávisunarástæðu, en lét hinsvegar uppi það álit sitt, að hún ætti að athugast og takast til greina af dómaranum *ex officio*.

Ákvæði umræddra laga um það, að samþykktir fiskræktar- og veiðifélaga þurfi staðfestingu ráðherra, að fengnum meðmælum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, eru að sjálfsögðu sett með það fyrir augum að tryggja, að stofnun slíkra félaga fari fram í samræmi við fyrirmæli laganna, en þau fyrirmæli eru fortakslaus, þannig að framkvæmdarvaldið getur ekki veitt undanþágur eða heimilað frávikningu frá þeim. Hafi ráðherra staðest samþykktir fiskræktar- og veiðifélags, sem stofnað hefir verið, án þess að fyrirmælum VIII. eða IX. kafla nefndra laga hafi verið fylgt, mundi því staðfestingin ekki geta gert félagsstofnunina lögmæta. Rétturinn lítur því svo á, að heimilt sé að bera lögmæti stofnunar Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga undir dómstólana, þrátt fyrir staðfestingu ráðherra á samþykktum þess, og þeir eigi úrskurðarvald um það atriði, og verður málinu af þeim ástæðum ekki vísað frá dómi.

Undir rekstri málsins hefir stefndi haldið fast við sýknu og málskostnaðarkröfu sína. Byggir hann sýknukröfunu á því, að gengið hafi verið frá stofnun félagsins á lögmætan hátt að öllu leyti, bæði að því er snertir ákvörðun félagssvæðis, boðun stofnfunda og atkvæðagreiðslu á fundunum.

Á VIII. kafla laga nr. 61 frá 1932 um lax og silungsveiði eru ýtarleg ákvæði um stofnun fiskræktarfélaga og í IX. kafla sömu laga um stofnun veiðifélaga. Verður að líta svo á, að fylgja þurfi nefndum fyrirmælum út í æsar við stofnun fiskræktar- og veiðifélaga, til þess að hlutaðeigendur verði gegn vilja sínum skyldaðir til þess að gerast félagar slíks félagsskapar, sbr. niðurlag 42. og 62. gr. laganna, og umrædd ákvæði séu meðal annars sett til að tryggja rétt þeirra, sem eru á móti þesskonar félagsstofnun.

Samkvæmt orðaskýringu 1. gr. laganna er fiskihverfi:

veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir eða fer um fram og aftur eða ætla má, að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefir verið, og samkvæmt skilgreiningu sömu greinar merkir fiskur lax og silung. Eftir 39. gr. virðast fiskræktarfélög eiga að taka yfir heilt fiskihverfi. Hinsvegar heimilar 1. töluliður 57. gr. að takmarka félagssvæði veiðifélags við einstakt vatn í fiskihverfi eða hluta af vatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiðiskap og vatnskosti, en 2. töluliður greinarinnar takmarkar þessa heimild, því að þar segir, að ef um hluta straumvatns sé að ræða, verði félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatni, sem veiði er stunduð í því fiskihverfi. Eins og áður er drepið á, er í 2. gr. samþykktu Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga félagssvæði þess ákveðið allar þær jarðir, sem land eiga að fiskihverfi Ölfusár, en félagssvæðið er takmarkað frekar með þeim hætti að tilgreina aðeins þær jarðir, sem liggja að Ölfusá og Hvítá ásamt nokkrum af þeim ám, sem í þær renna. Í upptalningu 2. gr. samþykktanna á jörðum þeim, sem land eru taldar eiga að fiskihverfi Ölfusár, eru ekki teknar með þær jarðir, sem liggja að ám þeim, sem áður um getur, Bakkarholtsá, Sandá, Gljúfurá, Varmá og Þorleifslæk og falla í Ölfusá að vestan. Það er in confesso í málinu, að silungsveiði sé í ám þessum, og byggir þær því og fer um a. m. k. að nokkru leyti sami fiskstofn og Ölfusá, og má í því sambandi benda á það, að samkv. 5. gr. fyrrnefndra samþykktu er auk laxveiði, silungsveiði bönnuð á félagssvæðinu, nema með sérstöku leyfi félagsstjórnarinnar. Verða umræddar ár því ótvírætt að teljast heyra til fiskihverfi Ölfusár. Samkvæmt 39. gr. og 57. gr. 2. tölul. oftnefndra laga var því, eins og hér á undan er drepið á, óheimilt að takmarka félagssvæði Fiskræktar- og veiðifélags Árnesinga eins og gert er í 2. gr. samþykktu þess.

Við stofnun fiskræktarfélags við fiskihverfi, sem veiði er í, skal eftir 40. gr. kveðja til fundar eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð eða hefir verið stunduð í því fiskihverfi, og hafi veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, skal boða eiganda eða eigendur veiðiréttarins. Eftir 59. gr. skal á sama hátt við stofnun veiðifélags kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu

fyrirhugaða félagssvæði, ef stofna á félagið við vatn eða vötn, sem veiði er í. Þá skal og, hafi veiðiréttur verið skilinn frá landareign, boða notanda veiðiréttarins. Það er viðurkennt í málinu, að hvorki eigendur eða ábúendur þeirra jarða, er liggja að Bakkarholtsá, Sandá, Gljúfurá, Varmá og Þorleifslæk, hafi verið boðaðir á stofnfundi hins stefnda félags, enda þótt það samkvæmt framansögðu og nýnefndum lagaákvæðum hafi verið skylt, en samkvæmt skrá, sem stefnandi hefir lagt fram, liggja um 40 jarðir að ám þessum.

Af framansögðu er það ljóst, að við stofnun hins stefnda félags, hefir í verulegum atriðum verið brotið í bága við fyrirmæli VIII. og IX. kafla oftnefndra laga um stofnun fiskræktar- og veiðifélaga og þykir því þegar af framangreindum ástæðum mega fallast á það hjá stefnanda, að félagið sé eigi stofnað lögum samkvæmt, og eru samþykktir þess þá ekki bindandi fyrir hann. Þá athugast það og, að fyrirkomulagi á atkvæðagreiðslu, sérstaklega um stofnun fiskræktarfélagsins, virðist hafa verið mjög ábótavant.

Stefndi hefir krafizt þess, að eftirgreind ummæli í greinargerð málflutningsmanns stefnanda, Garðars Þorsteinssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir þau: „Hinu barnalega bréfi sýslumannsins sé ég ekki ástæðu til að svara neinu. Hans vitleysur í sambandi við stofnun þessa félags og annað, sem hefir snert framkvæmd laxveiðilaganna í Árnessýslu, eru orðnar svo margar og stórfelldar, að ekki tekur því að eltast við þetta bréf hans, sem er þó full sönnun þess, að atkvæðagreiðslan fór ólöglega fram undir hans stjórn. T. d. mun atkvæðaskráin sýna, að hann greiddi fjölda atkvæða á báðum fundunum án þess að hafa til þess nokkra heimild. Hann liggur undir ákæru fyrir að hafa misbeitt valdi sínu og hefir ekki enn hreinsað sig af því máli.“

Framangreind ummæli verða að teljast móðgandi fyrir sýslumanninn í Árnessýslu, sem þeim er beint að, og verða þau því ómerkt, en ekki þykir ástæða til að beita sektum fyrir þau.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í málinu falli niður.

Vegna anna dómarans hefir honum eigi unnizt tími til að kveða upp dóm í máli þessu fyrir en nú.

Því dæmist rétt vera:

Fiskræktar- og veiðifélag Árnesinga er ekki stofnað samkvæmt fyrirmælum laga nr. 61 frá 1932, og eru samþykktir þess félags ekki bindandi fyrir stefnanda, hreppsnefnd Eyrarbakkahepps.

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk. Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 17. maí 1940.

Nr. 125/1939. **Elías Sigurðsson** (Theódór B. Línal)
gegn

Sesselju Sigurðardóttur
(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabótamál vegna bílslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1939, krefst aðallega algerrar sýknu, en til vara, að bætur þær, sem ákveðnar hafa verið í héraðsdóminum, verði niður færðar og tjóninu skipt í hlutfalli við sök bílstjórans og stefndu á slysinu. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefnda krefst hinsvegar staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Telja verður það nokkra ógætni af hendi stefndu að biðja ekki á gangstéttinni, meðan billinn ók fram hjá, og nema ekki fyrir staðar. Að þessu at-